# Re: beiðni um umsögn Vatnsfjörður

| | |
|---|---|
| Búið til | 8.5.2023 14:11:31 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 8.5.2023 14:11:28 |
| Tilheyrir | 202304-0047 - Beiðni um umsögn Vatnsfjörður - þangsláttur innan friðlanda Vatnsfjarðar. |

---

## Efni

Re: beiðni um umsögn Vatnsfjörður

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sent | 8.5.2023 14:11:28 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.4.0 Umsagnir um náttúruvernd – almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is, eydis.l.finnbogadottir@ni.is |

## Innihald

Sæl,

Tilvísun í mál nr. 202304-0047.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun um umsókn Styrja ehf. fyrir þangslætti innan friðlandsins í Vatnsfirði, óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í skjölum umsækjanda kemur fram að þangsláttur á þessu svæði hefur farið fram um töluvert skeið en ekki hefur áður verið sótt um leyfi Umhverfisstofnunar. Ekki er skýrt hversu mikið magn er slegið innan marka friðlandsins, þar sem framkvæmdin fer fram nálægt mörkum þess bæði austan og vestan Vatnsfjarðar.

Best hefði verið ef hægt væri að sjá á korti það svæði sem er slegið til að átta sig á umfangi þangsláttarins. Tölur um magn í tonnum gefa ekki fullnægjandi mynd um áhrifasvæði framkvæmdarinnar og þar með möguleg áhrif á lífríkis. Fyrir utan rask á þangbreiðum og lífríkinu sem þar dvelur getur framkvæmd á slætti einnig valdið ónæði t.d. fuglalífi. Þar sem slátturinn fer fram á hausti er þó ekki um viðkvæmasta tíma fyrir fuglalífið að ræða sem er gott.

Klóþang er algengt og sjálfbær nýting á því vel möguleg með góðri stýringu en velta má fyrir sér hvort þangnýting eigi erindi inn í friðlandið í Vatnsfirði ef vel er hægt að komast yfir það magn af klóþangi sem leitað er eftir utan marka friðlandsins. Taka þarf tillit til tilgangs og skilmála friðlýsingarinnar. Þá væri gott ef Umhverfisstofnun gæti fengið betri upplýsingar frá Þörungaverksmiðjunni hvar helstu þarasláttarsvæði í Breiðafirði eru og hvernig þau séu nýtt hverju sinni. Þang- og þarabreiður eru ríkuleg vistkerfi og mikilvæg búsvæði fyrir margs konar lífverur og því nauðsynlegt að tryggja að nýting á þangi- og þara sé sjálfbær og sé ekki framkvæmd á sérstaklega viðkvæmum eða verðmætum svæðum sem þola illa áhrif slíkrar nýtingar.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.............................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** beiðni um umsögn Vatnsfjörður
**Date:** 26.4.2023 14:03:30

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn Styrja ehf, dags. 12. apríl 2023, um leyfi fyrir þangslætti innan friðlandsins í Vatnsfirði.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknarinnar og hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa á lífríki svæðisins sem er að finna á framkvæmdarsvæðinu. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 5. maí 2023.

**Bestu kveðjur, Best regards**
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection Areas

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
www.ust.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C5eb84a2d2bb94725a4b108db465ef977%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638181146104200021%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=AjbMFEjBHwPnahthqh1g%2ByI00pLWUYFrv54h2F0ZNlw%3D&reserved=0)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: Http://www.ust.is/disclaimer (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C5eb84a2d2bb94725a4b108db465ef977%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638181146104200021%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=HMnCyfXucpTE%2FGBL%2Fd1SOY3jlFGxGSvos48ZfijfR10%3D&reserved=0)